



Samantekt á skýrslu um heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir

Hinsegin fólk er m.a.:

Trans fólk – þ.m.t. kynsegin fólk, þankynhneigðir, samkynhneigðir (hommar og lesbíur), intersex fólk, tvíkynhneigðir o.fl. Orðið hinseginleiki á hér við þá þætti sem skilgreina eða staðsetja fólk sem hinsegin.

Sérstæðar birtingamyndir heimilisofbeldis sem hinsegin fólk getur upplifað eru m.a.:

Valdbeiting vegna hinseginleika (identity abuse):

- t.d. hótun um segja fjölskyldu, vinnuveitanda eða öðrum frá hinseginleikanum
- t.d. afneitun á hinseginleika barns

Valdbeiting og ofbeldi tengt kynhneigð/kyntjáningu/kynvitund:

- t.d. þú ert ekki nógu karlmannlegur, þú ert of karlmannlegur, eða fyrir að vera ekki nógu góð lesbía/hommi/kona/karl o.s.fr.
- t.d. þrýst á að viðkomandi yfirgefi sjálfsmynd sína, hætti t.d. að skilgreina sig sem tvíkynhneigða
- t.d. að halda lyfjum frá manneskju sem þarf á þeim að halda, t.d. sumt trans fólk/intersex fólk/HIV jákvætt fólk

Minnihlutaálag (e. minority stress) hefur áhrif á sumt hinsegin fólk og er afleiðing af því að búa við fordóma, þöggun, jaðarsetningu og neikvæða og/eða útilokandi orðræðu. Það getur:

- orðið til þess að hinsegin fólk feli hinseginleika sinn til að forðast neikvæð viðbrögð við honum
- leitt af sér verri andlega og líkamlega líðan hinsegin fólks
- skapað vantraust og tortryggni hjá hinsegin fólki t.d. í garð stofnanna

Ranghugmyndir um heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks eru m.a. að:

- „Það er fullkomið jafnvægi í samböndum fólks af sama kyni“
- „Tveir karlar eru að slást“
- „Kona getur ekki nauðgað konu“
- „Karlægari aðilinn er gerandinn, kvenlegri aðilinn er brotaþoli“
- „Með því að stunda BDSM er fólk að samþykkja ofbeldi“

Þættir sem hinsegin fólk rekur sig á er það leitar sér aðstoðar, sem þarf að bæta er m.a.:

- óvissa um hvort að þjónusta eða úrræði sé fyrir hinsegin fólk þar sem það er hvergi tekið fram
- þöggun og vandræðagangur í tengslum við hinseginleika fólks
- of margar spurningar um hinseginleika og það gert að aðalatriði
- almenn vanþekking á stöðu trans fólks, sem getur birst í rangri notkun á fornöfnum og valnafni
- vanþekking á BDSM fólki og veruleika þeirra
- skortur á kynhlutlausri aðstöðu, t.d. í tengslum við skjól/gistingu

Ein stærsta hindrunin fyrir breytingum er hugsanlega sú að þjónustuveitendur telja sig nú þegar opna fyrir hinsegin fólki. Í framhaldinu þarf m.a. að:

- fræða þjónustuveitendur reglulega um málefni og stöðu hinsegin fólks
- taka sérstaklega fram að þjónusta og úrræði standi hinsegin fólk til boða
- byggja brýr á milli þjónustuveitenda og hinsegin samfélagsins (tengiliðir, samtal) opna á umræðuna um heimilisofbeldi og hinsegin fólk, bæði innan hinsegin samfélagsins og í samfélaginu öllu